

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis
Sent í nefndasvið@althingi.is

Fljótsdalshreppi, 3. maí 2024

Efni: Þingmál nr. 900 - Umsögn Fljótsdalshrepps um frumvarp um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Þann 19. apríl 2024 var frumvarp um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (hér eftir frumvarpið) sent til umsagnar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps (hér eftir Fljótsdalshreppur eða sveitarfélagið) vill koma á framfæri þeirri skoðun sinni að starfshópur, sem umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra skipaði upp úr miðju ári 2022 til að skoða og gera tillögur um nýtingu vindorku, hafi unnið mjög þarft og gott verk. Starfshópurinn hafði þegar í upphafi starfs síns víðtækt samráð við hagsmunaaðila þ.á.m. Fljótsdalshrepp. Þann 2. september 2022 barst Fljótsdalshreppi erindi þar sem gefinn var kostur á að koma á framfæri upplýsingum og áherslum sem vörðuðu fyrirhugaða vinnu starfshópsins. Sveitarfélagið skilaði ítarlegri umsögn þann 30. september 2022 og átti í framhaldinu fund með starfshópnum þar sem efni umsagnarinnar var nánar skýrð.

Í þessu samráði kom Fljótsdalshreppur á framfæri helstu sjónarmiðum sínum um hvað þyrfti fyrst og fremst horfa til við lagasetningu um nýtingu vindorku. Almennt séð virðist frumvarpið vera í ágætu samræmi við þær megináherslur sem þar komu fram.

Í frumvarpinu kemur fram að helstu markmið sem stefnt er að með fyrirhugaðri lagasetningu séu að skapa frekara traust á því ferli sem rammaáætlun er og reyna eins og unnt er að auka sátt um einstaka virkjunarkosti og forsendur fyrir því að ráðist verði í nýtingu og vernd þeirra auk þess að breytt ferli stuðli að markmiðum um orkuöryggi, orkusjálftæði og sjálfbærni í takt við orkustefnu Íslands.

Fljótsdalshreppur tekur undir þessi markmið en bendir jafnframt á mikilvægi þess að fyrirhugaðar breytingar auki skilvirkni og skýri skilmerkilega hlutverk þeirra sem koma að málsmeðferð rammaáætlunar.

Fljótsdalshreppur telur mjög mikilvægt að frumvarpið skuli kveða á um að endanlegt skipulagsvald um uppbyggingu vindorkuvera verði hjá þeim sveitarfélögum þar sem uppbygging og starfsemi er ráðgerð. Eins og ágætlega er rökstutt í skýrslu áðurgreinds starfshóps og í athugasemdum með frumvarpinu standa ekki rök til þess að slík starfsemi verði byggð upp í sveitarfélagi gegn vilja sveitarstjórnar og íbúa þess.

Brýnt er að ekki verði hróflað við þessu við meðferð frumvarpsins fyrir Alþingi.

Með hliðsjón af framangreindu um skipulagsvald sveitarfélaga varðandi uppbyggingu vindorkuvera hlýtur eðli máls samkvæmt að vera rökrétt að þegar á frumstigi undirbúnings uppbyggingar vindorkuvera þurfi að leita afstöðu viðkomandi sveitarfélaga enda ófært fyrir alla aðila að lagt sé af stað með umfangsmikla og kostnaðarsama undirbúningsvinnu ef fyrirséð væri að nauðsynlegar skipulagsbreytingar myndu ekki ná fram að ganga.

Vert er að áréttá að forsenda fyrir uppbyggingu vindorkuvera er að sveitarfélög, þar sem mannvirki eru og starfsemi fer fram, fái í sinn hlut skatta og gjöld sem máli skipta fyrir fjárhag þess. Þannig geti hvers konar undanþágur frá fasteignaskatti ekki komið til álita auk þess sem til skoðunar hljóti að koma orku- og/eða auðlindaskattar sem renni til viðkomandi sveitarfélags.

Fljótisdalshreppur áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög þar sem vindorkumannvirki rísa njóti sanngjarns ávinnings af mannvirkjum og starfsemi. Að mati sveitarfélagsins hefði verið heppilegra fyrir framgang málsins í heild að frumvarp um skattlagningu orkuvinnslu hefði fengið þinglega meðferð samhliða frumvarpi því sem hér er til umsagnar og þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Samandregið eru helstu áhersluatriði Fljótisdalshrepps varðandi frumvarp um breytingu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna virkjunarkosta í vindorku eftirfarandi:

- Að endanlegt skipulagsvald um verkefni sem heyra undir lögín verði hjá því sveitarfélagi (eða sveitarfélögum) þar sem uppbygging mannvirkja og starfsemi til orkuvinnslu er fyrirhuguð þannig að tryggt verði að slík uppbygging og starfsemi fari ekki fram í andstöðu við vilja meirihluta íbúa í nærumhverfi hennar.
- Að leitað verði afstöðu sveitarfélags eða sveitarfélaga þar sem fyrirhugað er að reisa vindorkumannvirki þegar í upphafi málsmeðferðar um virkjunarkostinn samkvæmt lögum nr. 48/2011.

Virðingarfyllt,
f.h. Fljótisdalshrepps,


